

# Deildarnámskrá Ungadeildar

## Aðlögun

Aðlögun fer þannig fram að börnin fara í stuttar heimsóknir yfir á næstu deild með starfsmanni og eftir því sem á líður lengjast heimsóknirnar.

## Matur

- Börnin sitja kyrr, borða sjálf með skeið eða gaffli. Læra að verða sjálfbjarga.
- Læra borðsiði eins og að segja „takk fyrir“ og „má ég fá.“
- Læra að borða snyrtilega.
- Taka þátt í samræðum.
- Ganga frá eftir sig í kaffitímanum.

## Hvíld

Í hvíldinni fer fram róleg stund, þar sem börnin liggja á dýnum. Sum börnin sofa sem þurfa á því að halda en þau börn sem þurfa ekki á svefni að halda hlusta á sögur eða rólega tónlist. Börnin læra að:

- Liggja kyrr og trufla ekki aðra.
- Hlusta á sögur eða rólega tónlist.

## Salerni

- Börnin hætta með bleyju og byrja að nota salerni.
- Hreinlæti- þvo sér um hendurnar eftir allar salernisferðir.
- Bíða og veita öðrum smá næði.
- Taka niður um sig buxurnar og girða sig, renna og smella.

## Fataklefi

- Klæða sig sjálf; fara í kuldagalla/pollaföt.
- Ganga frá fötunum og skónum á réttan stað.
- Samskipti- læra að bíða og biðja um aðstoð „viltu hjálpa mér.“ Muna að nota orðin sín.
- Byrja að æfa sig að renna upp og smella, fara í skóna og setja buxurnar yfir.

## Útivera og salur

Í útiveru fá börnin útrás fyrir orkuna. Þau læra að bjarga sér í stóra garðinum, læra að halda sér í róluna og svo að róla sjálf. Læra að fara um í kastalanum og hjóla. Fyrst á litlu hjólunum

og svo á þeim stærrí. Fara í fótbolta í grasinu. Að barnið geti farið í stuttar vettvangsferðir, geti leitt annað barn og verið í röð.

Í útiveru og sal læra börnin að:

- Bíða eftir að röðin komi að sér.
- Vera í litlum hóp og fara eftir fyrirmælum.
- Geta gengið örugglega upp tröppur án þess að halda sér í.
- Kasta bolta og grípa, hoppa á einum fæti, klifra í rimlunum og klifra yfir/undir fyrirstöðu. Hlaupa og stoppa, ganga á tánum. Taka þátt í einföldum leikjum.
- Læra muninn á hratt og hægt.
- Hoppa jafnfætis niður af palli.
- Þekkja líkamshlutina: höfuð, nef, munnur, tennur, tunga, fingur, tær, hendur, fætur, magi, eyru, hár og augu.
- Byrja að þekkja líkamshlutina: olnbogi, axlir, hné og hæll.

## Leikur er nám

Í leik læra börnin að:

- Fara vel með leikföngin og ganga frá þeim eftir sig.
- Byggja turn, brýr og fleira úr einingakubbum.
- Vera virk í hlutverkaleik og fara í hlutverk, *þú ert pabbinn, ég er mamman*. Herma eftir fullorðnum í leik.
- Geta púslað af öryggi.
- Geta perlað og pinnað af öryggi (fínhreyfingar).
- Að bíða, skiptast á og deila leikföngum.
- Geta leikið við aðra, byrja að geta leyst deilur sjálf og virða skoðanir annarra.
- Sýna hjálpssemi og samkennd.

## Málþroski (samverustundir og hópastarf)

- Að börnin læri að vera í hóp og hlýða beinum fyrirmælum.
- Læra að koma fram fyrir hópinn og tjá sig.
- Að börnin læri að tala í nokkurra orða setningum, beygja orðin rétt, nota kyn og tala í þátíð.
- Þekkja afstöðuhugtök (ofan á, undir, bak við, hliðina á...).
- Spyrja einfaldra spurninga og svara einföldum spurningum (hv. spurningar).
- Halda uppi samræðum og spjalla.
- Að telja upp að 10-20 og talnaskilningur barnanna er upp að 2-4.
- Byrja að para saman tölur og jafnmarga punkta.
- Læra líkamsheiti og líkamsvitund.
- Þekkja formin þrjú (hringur, þríhyrningur og ferningur) og geta parað þau saman.
- Læra um sjálfan sig, hvað heiti ég og fjölskylda mín, hvar á ég heima.

- Segja til um kyn og aldur.
- Læra að klappa í takt, klappa nafnið sitt.
- Læra að sitja kyrr, fylgjast með og taka þátt í því sem verið er að gera.
- Læra að hafa hendur og fætur hjá sér.
- Læra máhljóðin með Lubba.
- Hlusta á loðtöflusögur, munnlegar sögur og sögubækur.
- Þekkja stærðfræðihugtök (stærð og þyngd).
- Læra að þekkja öll húsdýrin og byrja að þekkja afkvæmin þeirra.
- Þekkja helstu villtu dýrin .

## Myndsköpun

- Frjáls sköpun.
- Börnin velja efni.
- Mála á sitt afmarkaða svæði.
- Læra að þekkja litina og aðeins að byrja að ræða um blöndun lita.
- Teikna höfuðfætlu og hring eftir fyrirmynd.
- Eru með stirt fjögurra fingra grip eða lipurt þriggja fingra.
- Kunna að halda rétt á skærum (báðir þumlar upp).

## Tónlist

- Börnin læra lög, kvæði, þulur og leiki.
- Læra nöfnin á nokkrum hljóðfærum eins og hristu, tamborínu og trommu. Læra um önnur hljóðfæri þegar hlustað er á Pétur og úlfinn.
- Dansinn- læra að vera í hóp og vinna saman, finna taktinn, fara eftir fyrirmælum. Læra nokkra dansa.

## Annað

- Í gegnum allt starfið læra börnin tákni með tali.
- Þau læra að bera virðingu fyrir ólíkri menningu fólks.
- Þau læra að við erum jafn ólík og við erum mörg.
- Börnin læra að þau hafi val en það er hinn fullorðni sem setur reglur.